



## 190 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 20 ágúst kl.10.00 á Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi

Mætt voru; Ragnar Sæmundsson, Einar Brandsson, Elín Gunnarsdóttir, Pétur Davíðsson, Guðveig Eyglóardóttir, Ingibjörg Þ. Steinudóttir, Júniana Óttarsdóttir. Sigurbjörg Ottesen sat fundinn á Teams. Garðar Svansson mætti í forföllum Jóseps Kjartanssonar. Sigurður Guðmundsson og Jakob B. Jakobsson boðuðu forföll, en varamenn þeirra höfðu ekki tæk á því að sitja fundinn. Auk þess sat Páll S. Brynjarsson fundinn og ritaði fundargerð. Báru Daðadóttir verkefnisstjóri sat fundinn undir dagskrárlið 9.

Ragnar Sæmundsson, formaður SSV, setti fund kl.10.00

### Dagskrá

#### 1. Fundargerð frá 189 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 189 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

#### 2. Haustþing SSV 2025

Lögð fram tillaga að dagskrá fyrir Haustþing SSV sem fer fram á Akranesi 24. september n.k. Einnig er lagt fram minnisblað um undirbúning ályktana sem og minnisblað um tillögur að þema fyrir þingið. Stjórn samþykkti drög að dagskrá þingsins, en þema þess verður aðdráttarafl/byggðabragur sveitarfélaga. Auk þess var samþykkt að halda undirbúningsfundi fyrir þá vinnuhópa sem mun vinna ályktanir á þinginu á Teams í aðdraganda þingsins.

#### 3. Vegamál á Vesturlandi

Rætt um fjárveitingar til viðhalds vega á Vesturlandi árið 2025, en samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni gegnur vel að nýta það viðbótarfjármang sem Vestursvæði fékk úthlutað á fjárhugalögum 2025. Þá var lagt fram minnisblað um gjaldtöku vegna stærri framkvæmda í uppbyggingu vega og samþykkti stjórn að fela framkvæmdastjóra að undirbúa ályktun um veggjöld fyrir haustþing SSV.

#### 4. Fundur fulltrúa SSV og sveitarfélaga á Vesturlandi með ríkisstjórninni

Lagt fram minnisblað frá fundi sem fulltrúar frá SSV og sveitarfélögum á Vesturlandi áttu með ríkisstjórninni í Stykkishólmi 14. ágúst sl. Umræður urðu um fund SSV og sveitarfélaga á Vesturlandi með ríkisstjórninni. Fram kom að ánægja var með fundinn og gagnlegt að fá tækifæri til þess að eiga samtal við ráðherrana.

#### 5. Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktanir

Á 189 fundi stjórnar var formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna minnisblað með tillögu að verklagi varðandi umsagnir SSV við lagafrumvörp, þingsályktanir og stefnur sem settar eru fram í samráðsgátt stjórnvalda. Fram kom að á sameiginlegum fundi formanna og

framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sem verður á Hvolsvelli 21. ágúst n.k. verður málið til umræðu og því er stefnt að því að kynna tillögu að verklagi á næsta fundi stjórnar.

## **6. Starfsmannamál**

Björk Jóelsdóttir verkefnastjóri á áfangastaða- og markaðssviði SSV lét af störfum þann 1. júní sl. Framkvæmdastjóri óskar eftir heimild stjórnar til þess að auglýsa eftir nýjum starfsmanni, en heimild er fyrir 100% stöðugildi í fjárhagsáætlun SSV.

Stjórn þakkaði Björk fyrir vel unnin störf og veitti framkvæmdastjóra heimild til þess að auglýsa eftir starfsmanni og útbúa starfslýsingu fyrir nýtt starf.

## **7. Starfamessur á Vesturlandi 2025**

Lagt fram minnisblað um starfamessur sem haldnar verða í framhaldsskólunum á Vesturlandi í haust. Þær verða haldnar á eftirtöldum stöðum;

- Fjölbrautarskóli Snæfellinga 30 september
- Menntaskóli Borgarfjarðar 1 október
- Fjölbrautarskóli Vesturlands á Akranesi 3 október.

Tilgangur með þeim er annars vegar að kynna fyrir 9 og 10 bekkjum grunnskóla tækifæri til framhaldsnáms á Vesturlandi og hins vegar að kynna fyrir þeim og framhaldsskólanemum atvinnulíf og vinnumarkað landshlutans. Starfamessurnar eru hluti af áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands sem ber heitið „Veldu Vesturland“.

Stjórn lýsti yfir ánægju sinni með fyrirhugaðar starfamessur og hvetur fyrirtæki og stofnanir á Vesturlandi til þess að taka þátt í þeim.

## **8. Skýrsla um orkumál á rafkynntum svæðum á Vesturlandi**

Blámi í samstarfi við Gleipni og SSV hefur tekið saman skýrslu sem ber heitið „Úttekt á á möguleikum þess að tryggja raforkuöryggi, bætta orkunýtingu og lækka orkukostnað á rafkynntum svæðum á Vesturlandi“. Skýrslan var unnin fyrir SSV og fjármögnuð í gegnum áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands um Orkumál á köldum svæðum.

Stjórn samþykkti tillögu um að það fjármagn sem eftir stendur í verkefninu verði nýtt til þess að vinna að þeim tillögum sem koma fram í niðurstöðukafla skýrslunnar.

## **9. Farsæld á Vesturlandi**

Á fundinn mætti Bára Daðadóttir verkefnisstjóri farsældar á Vesturlandi og kynnti stöðu verkefnisins. Bára kynnti jafnframt drög að samþykktum og verklagsreglum fyrir Farsældarráð Vesturlands.

Stjórn samþykkti að vísa drögum að samþykktum og verklagsreglum til umsagnar hjá sveitarfélögunum og stefnt verði að því að taka þær til afgreiðslu á Haustþingi SSV 2025.

## **10. Framlögð mál**

Garðar Svansson óskaði eftir að fá að ræða og leggja til að SSV myndi standa fyrir fræðslu um sveitarstjórnarmál í framhaldsskólum á Vesturlandi í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga sem fara fram í maí 2026.

Stjórn ræddi tillög Garðars og samþykkti að vísa henni til umsagnar hjá Ungmennaráði Vesturlands.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl.12.40